

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar, nr. 252/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. samþykktarinnar:

- a. 5. mgr. B-liðar I. kafla, fellur brott.
- b. Heiti 6. mgr. B-liðar I. kafla, „Stjórn menningarstofu og safnastofnunar“, verður: *Stjórn menningarstofu*. Hvar sem orðin „stjórn menningarstofu og safnastofnunar“ koma fyrir í málsgreininni kemur: stjórn menningarstofu.
- c. 7. mgr. B-liðar I. kafla um umhverfis- og skipulagsnefnd fellur brott.
- d. Við B-lið I. kafla bætist ný málsgrein, svohljóðandi: *Skipulags- og framkvæmdanefnd*. Bæjarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulags- og framkvæmdanefnd. Nefndin skal móta stefnu sveitarfélagsins varðandi náttúruvernd, landbúnaðarmál og umhverfismál, þ.m.t. meðferð úrgangs, skipulags- og byggingarmál og samgöngu- og umferðaröryggismál. Jafnframt mótar hún stefnu sveitarfélagsins varðandi mannvirki og umsjón þeirra, fasteignaumsýslu, framkvæmdir bæjarins, viðhaldsmál og veitur. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði hennar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
- e. Hvar sem „umhverfis- og skipulagsnefnd“ kemur fyrir í 1. tl. C-liðar I. kafla um fjallaskilanefnd, kemur í viðeigandi beygingarfalli: skipulags- og framkvæmdanefnd.
- f. Hvar sem „stjórn menningarstofu og safnastofnunar“ kemur fyrir í II. kafla, kemur í viðeigandi beygingarfalli: stjórn menningarstofu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðaukum við samþykktina:

- a. Viðauki 1.1 breytist og er birtur með samþykkt þessari. Verður heiti hans: **Skipulags- og framkvæmdanefnd**.
- b. Viðauki 1.2, „Mannvirkja- og veitunefnd“ fellur brott, og breytast númer annarra viðauka sem á eftir koma samkvæmt því.
- c. Heiti viðauka 1.5 breytist og verður: **Stjórn menningarstofu**. Hvar sem „menningar- og nýsköpunarnefnd“ kemur fyrir í viðaukanum kemur í viðeigandi beygingarfalli: stjórn menningarstofu.
- d. Heiti viðauka 1.8 breytist og verður: **Skipulags- og umhverfisfulltrúi**. Hvar sem „sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs“ kemur fyrir í viðaukanum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: skipulags- og umhverfisfulltrúi. Hvar sem „eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd“ kemur fyrir í viðaukanum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: skipulags- og framkvæmdanefnd, sem og í viðauka 1.9 og 1.10. 2. mgr. 2. gr. viðaukans breytist og verður svohljóðandi: Skipulags- og umhverfisfulltrúi afgreiðir endurnýjun áður útgefinna lóðarleigusamninga án staðfestingar skipulags- og framkvæmdanefndar. Afgreiðslur skipulags- og umhverfisfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á fundum skipulags- og framkvæmdanefndar undir liðnum: Afgreiðslur skipulags- og umhverfisfulltrúa.
- e. Heiti viðauka 1.10 breytist og verður: **Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs**. Hvar sem „sviðsstjóri framkvæmdasviðs“ kemur fyrir í viðaukanum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Fjarðarbyggðar hefur sett samkvæmt 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðaráduneytinu, 16. janúar 2024.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

VIÐAUKI 1.1

Skipulags- og framkvæmdanefnd.

1. gr.

Skipulags- og framkvæmdanefnd afgreiðir án staðfestingar bæjarstjórnar og bæjarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 1. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt þessari:

- a. Tillögur til lögreglustjóra varðandi breytingar á varanlegum sérákvæðum um notkun vega til umferðar og aðrar ákvarðanir sem hljóta þurfa staðfestingar eða samþykki hans, sbr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.
- b. Breytingar á deiliskipulagi, sbr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- c. Ákvörðun um að hefja gerð deiliskipulags, sbr. 38. gr. skipulagslaga.
- d. Framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
- e. Skiptingu jarða, landa, lóða og breytingu á landamerkjum samkvæmt 48. gr. skipulagslaga.
- f. Meðmæli til Skipulagsstofnunar vegna einstakra framkvæmda þar sem ekki liggur fyrir staðfest deiliskipulag, sbr. 1. ákvæði til bráðabirgða í skipulagslögum.
- g. Verkefni byggingarnefndar, sbr. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.
- h. Ákvörðun um hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili og framkvæmd er háð framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki.
- i. Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Hitaveitu Fjarðarbyggðar að undanskildum þeim sem varða mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun, ákvarðanir um breytingu veitusvæðis og ákvarðanir um nýframkvæmdir, sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- j. Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Vatnsveitu Fjarðarbyggðar að undanskildum þeim sem varða mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir, sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.
- k. Hvers kyns ákvarðanir varðandi starfsemi Fráveitu Fjarðarbyggðar að undanskildum þeim sem varða mannráðningar, staðfestingu gjaldskrár, fjárhagsáætlun og ákvarðanir um nýframkvæmdir, sbr. ákvæði í gildandi innkaupareglum.

Skipulags- og framkvæmdanefnd getur ávallt vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til bæjarráðs og er skylt að vísa þeim til bæjarráðs sé þess óskað af tveimur fulltrúum í nefndinni hið fæsta. Í slíkum tilfellum skal nefndin þó setja fram tillögu að afgreiðslu máls.

2. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu skipulags- og framkvæmdanefndar eða beri hann framkvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í bæjarráði, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga, eftir því sem við á. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulags- og framkvæmdanefnd taka málið upp að nýju.